

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
23. fundur
haldinn að Lyngási, 5. mars 2009

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson og Þórhallur Þorsteinsson. Skarphéðinn G. Þórisson og Magnhildur Björnsdóttir boðuðu forföll. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Gestir fundarins: Þórður Ólafsson frkvstj. Vatnajökulspjóðgarðs sat liði 1-7.
Guðrún Á Jónsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands sat liði 8-10.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál, rekstarniðurstaða 2008 og rekstraráætlun 2009
3. Gestastofa á Skriðuklaustri, framhald verkefnisins og jarðamál
4. Skiltamál
5. Sumarráðningar
6. Bæklingur fyrir Snæfellsöræfi
7. Neyðaráætlun/forvarnaráætlun/viðbragðsáætlun
8. Verndaráætlun, staða og framhald verkefnisins
9. Íbúafundur vegna verndaráætlunar f. Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp
10. Samráðsfundur vegna slóðamála á Snæfellssvæði
11. Talning ferðamanna, hvar viljum við láta telja?
12. Míni-kynning – veggspjöld með kynningu á þjóðgarðinum á Egilsstöðum
13. Hvernig getum við stutt við/aukið affreyningu t.d. á Snæfellssvæðinu
14. Önnur mál.

Eiríkur formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.10. Bauð hann Þórð sérstaklega velkominn til fundar. Samþykkt var að breyta röð boðaðra dagskrárliða eins og hentaði vegna gesta.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 15. janúar samþykkt og undirrituð.

2. Fjármál, rekstrarniðurstaða 2008 og rekstraráætlun 2009

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður úr rekstri 2008 á austursvæði og samhliða yfir rekstraráætlun fyrir 2009. Helstu tölur eru þessar:

	Raun 2008	Áætlun 2009
Laun og launatengd gjöld	8.057.000	13.400.000
Ferðir og fundir	3.415.000	4.800.000
Rekstrarvörur	115.000	400.000
Aðkeypt þjónusta	1.193.000	700.000
Húsnæðiskostnaður	1.401.000	1.900.000
Bifreiðarkostnaður	823.000	1.100.000
Rekstrarkostnaður alls	15.208.000	22.300.000
Sértekjur á móti	1.827.000	1.700.000

Inni í launaliðnum er gert ráð fyrir 20 landvarðavikum í Snæfelli, 25 í Kverkfjöllum og 11 vikum í Hvannalindum ásamt heilsárslaunum þjóðgarðsvarðar.

Einu athugasemdir svæðisráðs voru vegna bifreiðakostnaðar og ferðakostnaðar landvarða. Var því beint til framkvæmdastjóra að kanna hvort ekki væri hægt að lækka bifreiðakostnað vegna landvarða. Að öðru leyti gerir svæðisráð ekki athugasemdir við rekstraráætlun 2009.

3. Gestastofa á Skriðuklaustri, framhald verkefnisins og jarðamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála með gestastofunni. Hvað jarðamál varðar eru ráðuneytin þrjú sem koma að málefnum Skriðuklausturs búin að skipa þriggja manna vinnuhóp sem á að koma lóðamálunum á hreint áður en verkið verður boðið út. Framkvæmdastjóri átti fundi með sveitarstjórn og ábúendum og forstöðumanni Gunnarsstofnunar í dag þar sem farið var yfir stöðuna. Gert er ráð fyrir því að taka fyrstu skóflustungu 26. mars og var svæðisráð sammála um að þá yrðu öll mál varðandi lóðina að vera frágengin.

Framkvæmdastjóri fór yfir kostnaðaráætlun vegna gestastofunnar á Skriðuklaustri. Miðað er við að framkvæmdirnar taki um 12 mánuði og að gestastofan verði opnuð 7. júní 2010. Þórhallur lýsti yfir þeirri skoðun sinni að þessi bygging yrði á kostnað uppbyggingar innan þjóðgarðsins á næstu árum miðað við breytt ástand í þjóðmálum.

4. Skiltamál

Fyrir fundinum lágu tillögur að uppsetningu skilta, bæði vegvísa og fræðsluskilta á austursvæði. Svæðisráð gerði ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi málsins og þjóðgarðsverði falið að vinna málið áfram.

5. Sumarráðningar

Auglýst verður eftir landvörðum fyrir sumarið á næstunni fyrir allan þjóðgarðinn.

6. Bæklingur fyrir Snæfellsöræfi

Þjóðgarðsvörður sagðist hafa verið að skoða bæklingismál vegna Snæfellsöræfa. Niðurstaða hennar er að fá Pál Pálsson til að skrifa um landnýtingu og sögu svæðisins. Rætt hefur verið við Landsvirkjun um að fá að nota grunninn úr Snæfellsöræfakorti því sem gefið var út fyrir fáum árum og var svæðisráð sammála um að það færi vel á því. Í kortinu væru góðar upplýsingar sem þyrfti þó að endurskoða og nota aðra grunnliti í kortið sjálft. Þjóðgarðsverði falið að halda málinu áfram.

7. Neyðaráætlun/forvarnaráætlun/viðbragðsáætlun

Rætt var um mikilvægi þess að útköll gegnum 112 færu til réttra aðila, t.d. að Kverkfjöll heyrðu undir Egilsstaði en ekki Húsavík. Einnig telur svæðisráð mikilvægt að fara yfir allt sem viðkemur almannavörnum innan þjóðgarðsins, t.a.m. verði landverðir að hafa viðbragðsáætlanir á hreinu vegna hættu á eldgosum og flóðum. Þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri munu skoða málið.

8. Verndaráætlun, staða og framhald verkefnisins

Guðrún Á. Jónsdóttir kom inn á fundinn og gerði grein fyrir stöðu vinnu við verndaráætlun. Mikil vinna hefur fram að þessu farið í samræmingu þannig að verndaráætlun hvers svæðis sé í samræmi við aðrar og heildarmyndin skýr. Hún lagði fram minnisblað um vinnuna ásamt fleiri gögnum.

Umræður sköpuðust um verkefni sem aðrir aðilar eru að vinna varðandi þjóðgarðinn. Svæðisráð leggur áherslu á að þeir sem stýra verndaráætlunarvinnunni ræði við þá aðila svo að ekki sé verið að vinna sömu hlutina á mörgum stöðum.

Vegna vinnu við verndaráætlun og hvaða svæði utan núverandi þjóðgarðsmarka eigi að taka með í vinnunni á austursvæði leggur svæðisráð til að fylgt verði nokkurn veginn þeim mörkum á Brúardölum sem héraðsdómur komst að í dómsniðurstöðu vegna þjóðlendumála.

Fram undan eru samráðsfundir þar sem bæði verður fundað með landssamtökum í Reykjavík og síðan heimaðilum á hverju svæði.

9. Íbúafundur vegna verndaráætlunar f. Fljótsdalshérð og Fljótsdalshrepp

Ákveðið að halda fundi með íbúum, annars vegar á Jökuldal 24. mars kl. 20 og hins vegar í Fljótsdal 26. mars kl. 20.

10. Samráðsfundur vegna slóðamála á Snæfellssvæði

Þjóðgarðsvörður hefur boðað sérstakan fund vegna slóða innan þjóðgarðsins á Snæfellssvæðinu föstudaginn 13. mars nk. Fulltrúar svæðisráðs munu mæta, þeir sem tök hafa á.

11. Talning ferðamanna, hvar viljum við láta telja?

Þjóðgarðsvörður mun senda gögn á svæðisráðið í tölvupósti.

12. Míni-kynning – veggspjöld með kynningu á þjóðgarðinum á Egilsstöðum

Rætt var um mikilvægi þess að gera þjóðgarðinn sýnilegan í sumar niðri í byggð. Þjóðgarðsverði falið að skoða möguleika í þessu sambandi og leggja tillögur fyrir næsta svæðisráðsfund.

Lið 13 og 14 frestað. Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.50.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Þórhallur Þorsteinsson